



Þróun örorku

Velferðarráðuneytið
Ráðgjafarsvið KPMG
15. febrúar 2018



Efnisyfirlit

	Bls.
Bakgrunnur	3
Snertifletir hins opinbera við öryrkja	4
Snertifletir fyrir umsækjendur	5
Aldurssamsetning öryrkja 2010-2017	6
Spá um fjölgun öryrkja	8
Áætlun um kostnað samfélagsins	11
Samanburður við Norðurlönd	12

Fyrirvari

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á Velferðarráðuneytinu eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

Í tengslum við skýrslu þessa má hafa samband við neðangreinda aðila hjá KPMG:

Svanbjörn Thoroddsen

Ráðgjafarsvið

Partner

Sími: 545-6220

GSM: 840-9132

sthoroddsen@kpmg.is

Guðmundur Pálsson

Ráðgjafarsvið

gpalsson@kpmg.is

Sigurður Guðjónsson

Ráðgjafarsvið

sgudjonsson@kpmg.is

Bakgrunnur

Bakgrunnur

Velferðarráðuneytið leitaði til KPMG og óskaði eftir ráðgjöf til að greina þróun á fjölda öryrkja* og kostnaði við kerfið og snertifleti kerfisins gagnvart einstaklingum.

- Fjöldi bótaþega hefur aukist síðustu ár og greiðslur vegna örorku hafa aukist samhliða.
- Kerfið um örorkubætur er flókið og oftast óljóst frá sjónarhóli einstaklinga hvert þeir eiga að snúa sér.
- Velferðarráðuneytið vill fá betri yfirsýn yfir þróun fjölda og greiðslna síðustu ár og óskaði eftir úttekt á þróun málaflokksins. Jafnframt var óskað eftir spá um líklega þróun til framtíðar m.v. mismunandi sviðsmyndir.

Verkefni KPMG

1. Greining og úrvinnsla gagna

- Gerð greining á greiðslum til málaflokks og þróun á fjölda bótaþega, sem sett er fram í formi mælaborðs (Power BI).

2. Kortleggja þjónustu og úrræði

- Greina út frá sjónarhorni einstaklings hvaða leiðir eru í boði, hversu auðvelt er að nálgast úrræðin og hver leiðir einstaklinginn áfram (glæra 5).

3. Kostnaður samfélagsins

- Gera spá um þróun öryrkja m.v. ákveðnar sviðsmyndir sem verða ákveðnar í ferlinu.
- Kanna kostnað samfélagsins vegna þeirra sem ná ekki á vinnumarkað sökum örorku.

4. Samanburður við önnur lönd

- Reynt að komast yfir gögn frá öðrum löndum til að skoða hvort samsetning örorku sé með svipuðum hætti og hér á landi og á Norðurlöndum.
- Fara yfir gögn frá OECD til að greina greiðslur vegna málaflokks.

*Öryrkjar eru allir þeir sem eru með 75% örorkumat.

Snertifletir hins opinbera við öryrkja


Margir snertifletir fyrir skjólstæðinga

Kerfið sem almenningi og veikum einstaklingum er ætlað að skilja og vinna sig í gegnum er flókið og getur verið hluti vandans.

Oft eiga aðstandendur erfitt með að greina heppilegustu leiðir fyrir sinn aðstandanda.

Helstu aðilar sem koma við sögu gagnvart öryrkjum eru:

- Tryggingastofnun
- Lífeyrissjóðir
- Virk starfsendurhæfing
- Heilbrigðiskerfið
- Vinnumálastofnun
- Aðrir opinberir aðilar eins og sveitarfélög og skólar
- Ýmis önnur starfshæfingarúrræði og félagasamtök



Nýleg rannsókn á stöðu öryrkja


Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann rannsókn og skilaði skýrslu um stöðu ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri fyrir Velferðarráðuneytið árið 2016.

Eftirfarandi eru nokkrir punktar úr skýrslunni sem lýsa ágætlega því flækjustigi sem einstaklingar standa frammi fyrir:

- „Mikill samhljómur var milli þátttakenda í rýnihópum og ráðgjafanna um skort á eftirfylgd. Ráðgjafar töldu lítið samráð og samstarf vera milli ólíkra kerfa innan heilbrigðis- og félagsþjónustu og bentu á mikilvægi þess að haldið væri betur utan um einstaklinga sem veikjast með aukinni samfelli, „tengingum“ og „brúm á milli kerfa“.
- „Einnig bent á að aðgengi fólks með geðsjúkdóma að góðri læknaþjónustu væri oft ábótavant því þegar einstaklingar hefðu greiningu um geðsjúkdóma væri heilsubrestur þeirra jafnan afskrifaður sem einkenni geðrænna veikinda og ekki rannsakaður frekar“.
- Nokkrar athugasemdir fjölluðu um að þjónustan væri flókin, að erfitt væri að eiga við „kerfið“ sem og að lélegt aðgengi væri að upplýsingum.
- Snemminngrip frá fagaðilum eða skóla, aukið aðgengi að upplýsingum, flókið kerfi voru nefnd sem þættir sem aðilar töldu myndi hjálpa við frekari stuðning áður en aðili fer á örorku eða endurhæfingu.
- Einnig var nefnt að það væri erfitt að eiga við „kerfið“ og vantaði stað þar sem aðilar geta leitað eftir upplýsingum þar sem allar upplýsingar væru saman komnar.

Heimild: Háskóli Íslands - félagsvísindastofnun

Snertifletir fyrir umsækjendur




Heimild: Upplýsingar af heimasíðum viðkomandi stofnanna/aðila.


Mynd sýnir mögulega snertifleti fyrir umsækjendur gagnvart ólíkum stofnunum/aðilum. Mynd nær ekki yfir öll úrræði eða stofnanir/aðila.

Aldurssamsetning öryrkja 2010-2017

Hlutfall öryrkja af hverjum aldurshóp (18-44 ára)



Hlutfall öryrkja af hverjum aldurshóp (45-66 ára)



Hlutfall öryrkja eftir aldurshópum á Íslandi árin 2010 og 2017

Tekinn er fjöldi öryrkja í hverjum aldurshópi fyrir sig og hann borinn saman við fjölda einstaklinga í sama aldurshópi á Íslandi.

Hlutfall öryrkja af hverjum aldurshóp 2010 og 2017			
Aldurbil	2010	2017	Breyting
65-66 ára	23,8%	22,8%	-1,0%
60-64 ára	18,2%	18,9%	0,7%
55-59 ára	13,3%	14,4%	1,1%
50-54 ára	10,7%	11,5%	0,8%
45-49 ára	9,2%	8,9%	-0,3%
40-44 ára	7,1%	7,8%	0,7%
35-39 ára	5,5%	6,4%	0,9%
30-34 ára	4,5%	5,2%	0,7%
25-29 ára	3,4%	3,5%	0,1%
20-24 ára	2,4%	2,8%	0,4%
18-19 ára	2,3%	2,1%	-0,1%


- Öryrkjum er að fjölga sem hlutfall af mannfjölda í öllum aldurshópum fyrir utan 18-19 ára, 45-49 ára og 65-66 ára.
- Mesta fjölgun er aldurshópum 35-39 ára og 55-59 ára.
- Hæsta hlutfallið er í aldurshópnum 65-66 ára en alls eru 22,8% af aldurshópnum öryrkjar í árslok 2017.
- Lægsta hlutfallið er í aldurshópnum 18-19 ára en alls eru um 2,1% af aldurshópnum öryrkjar í árslok 2017.

Heimild: Tryggingastofnun Íslands


Rauntölur öryrkja í árslok 2017 en stuðst er við mannfjöldaspá Hagstofunnar til áætla fjölda í hverjum aldurshóp í árslok 2017.

Aldurssamsetning öryrkja 2010-2017

Samsetning öryrkja eftir aldurshópum (18-44 ára)



Samsetning öryrkja eftir aldurshópum (45-66 ára)



Samsetning öryrkja eftir aldurshópum árin 2010 og 2017

Tekinn er fjöldi öryrkja í hverjum aldurshópi fyrir sig og hann borinn saman við heildarfjölda öryrkja.

Samsetning öryrkja 2010 og 2017			
Aldurbil	2010	2017	Breyting
65-66 ára	7,8%	8,0%	0,2%
60-64 ára	17,7%	19,1%	1,5%
55-59 ára	15,3%	16,1%	0,9%
50-54 ára	14,2%	13,3%	-0,9%
45-49 ára	12,4%	9,9%	-2,5%
40-44 ára	9,1%	9,1%	0,0%
35-39 ára	7,5%	8,2%	0,7%
30-34 ára	6,3%	6,5%	0,2%
25-29 ára	4,9%	5,0%	0,1%
20-24 ára	3,5%	3,7%	0,2%
18-19 ára	1,3%	1,0%	-0,3%

- Mesta breytingin er í aldurshópnum 45-49 ára, 50-54 ára, 55-59 ára og 60-64 ára.
- Hæsta hlutfallið er í aldurshópnum 60-64 ára eða sem nemur 19,1% öryrkjum í árslok 2017 og hefur aukist úr 17,7% frá árinu 2010.
- Lægsta hlutfallið er í aldurshópnum 18-19 ára eða sem nemur 1,0% öryrkjum í árslok 2017 og hefur minnkað úr 1,3% frá árinu 2010.


Heimild: Tryggingastofnun ríkisins

Rauntölur öryrkja í árslok 2017 en stuðst er við mannfjöldaspá Hagstofunnar til áætla fjölda í hverjum aldurshóp í árslok 2017.

Spá um fjölgun öryrkja

Úttekt á fjölgun öryrkja á Íslandi árið 2005

Tryggvi Þór Herbertsson vann úttekt fyrir heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið árið 2005. Í úttektinni var gerð spá um fjölgun öryrkja til ársins 2030, miðað við örorkulíkur ársins 2004.



Heildarfjöldi öryrkja í árslok 2004 var um 12 þúsund. Spálíkanið sem stuðst var við gerði ráð fyrir 31% fjölgun til ársins 2030 þegar fjöldinn átti að ná 16 þúsund. Langmestu breytingarnar í fjölda öryrkja eru fyrstu 10 árin á spátímabilinu, eða um 23%.


Raunstaðan í lok árs 2016 var rúmlega 17 þúsund manns, en spáin gerði ráð fyrir tæplega 15 þúsund.

Í skýrslunni kemur fram að greiðslur TR vegna örorku voru um 12 ma.kr. árið 2004 og höfðu þá vaxið úr 4 ma.kr. árið 1990.

Heimild: Tryggvi Þór Herbertsson, Fjölgun öryrkja á Íslandi – orsakir og afleiðingar

Spá um fjölgun öryrkja 2018-2030

Til að áætla fjölgun öryrkja til ársins 2030 er fjöldi öryrkja í hverjum aldurshóp síðustu ára framreiknaður miðað við þróun mannfjölda í hverjum aldurshóp miðað við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.



- Þessir útreikningar leiða til **1,9% fjölgun öryrkja á ári að jafnaði** til 2030.
- Áætlaður fjöldi öryrkja í lok árs 2030 er 22.800, sem er 31% fjölgun frá 2017.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 5,2% í 5,7% af mannfjölda og úr 8,0% í 9,2% af fjölda á vinnualdri.
 - Hlutfall 67 ára og eldri var 12,1% í árslok 2016, en það hlutfall verður 16,1% árið 2030 m.v. mannfjöldaspá (miðspá). Þannig er hlutfall öryrkja er að hækka hlutfallslega minna þegar það er mælt sem hlutfall af mannfjölda.

Greiðslur vegna örorkulífeyris voru 41 ma.kr. í árslok 2016. Ef greiðslur eru framreiknaðar m.v. þróun síðustu fimm ára eru áætlaðar greiðslur árið 2030 um 90 ma.kr.


Heimild: Hagstofa Íslands, Landsamtök lífeyrissjóða og Tryggingastofnun ríkisins

Spá um fjölgun öryrkja - sviðsmyndir

Sviðsmynd 1

Til að áætla fjölgun öryrkja til ársins 2030 er fjöldi öryrkja í árslok 2017 framreiknaður miðað við mannfjöldaspá Hagstofu Ísland fyrir 2017-2030. Fjölgun landsmanna 2017-2030 var **1,3% að meðaltali**.

- Stuðst við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (miðspá).
- Áætlaður fjöldi öryrkja í lok árs 2030 er 21.000, sem er 18% fjölgun frá 2017.
- Hlutfall öryrkja helst óbreytt í 5,2% af mannfjölda.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 8,0% í 8,4% af fjölda á vinnualdri.




Heimild: Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins

Sviðsmynd 2

Til að áætla fjölgun öryrkja til ársins 2030 er fjöldi öryrkja í árslok 2017 framreiknaður miðað við þróun á fjölda öryrkja árin 2010-2017. Fjölgun öryrkja 2010-2017 var **2,6% að meðaltali**.

- Stuðst við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (miðspá).
- Áætlaður fjöldi öryrkja í lok árs 2030 er 24.900, sem er 40% fjölgun frá 2017.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 5,2% í 6,2% af mannfjölda.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 8,0% í 10,0% af fjölda á vinnualdri.




Heimild: Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins

Spá um fjölgun öryrkja - sviðsmyndir

Sviðsmynd 3

Til að áætla fjölgun öryrkja til ársins 2030 er fjöldi öryrkja í árslok 2017 framreiknaður miðað við þróun á fjölda öryrkja árin 2015-2017. Fjölgun öryrkja 2015-2017 var **3,0% að meðaltali**.

- Stuðst við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (miðspá).
- Áætlaður fjöldi öryrkja í lok árs 2030 er 26.200, sem er 47% fjölgun frá 2017.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 5,2% í 6,5% af mannfjölda.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 8,0% í 10,5% af fjölda á vinnualdri.




Heimild: Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins

Sviðsmynd 4

Til að áætla fjölgun öryrkja til ársins 2030 er fjöldi öryrkja í árslok 2017 framreiknaður miðað við þróun á fjölda öryrkja árin 2000-2017. Fjölgun öryrkja 2000-2017 var **4,1% að meðaltali**.

- Stuðst við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (miðspá).
- Áætlaður fjöldi öryrkja í lok árs 2030 er 30.100, sem er 69% fjölgun frá 2017.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 5,2% í 7,5% af mannfjölda.
- Hlutfall öryrkja eykst úr 8,0% í 12,1% af fjölda á vinnualdri.



Heimild: Hagstofa Íslands og Tryggingastofnun ríkisins

Áætlun um kostnað samfélagsins

Úttekt á fjölgun öryrkja á Íslandi árið 2005

Úttekt Tryggva Þórs Herbertssonar á fjölgun öryrkja á Íslandi fyrir heilbrigðis og tryggingarmálaráðuneytið árið 2005 byggði á eftirfarandi forsendum sem dæmi um kostnað íslensks samfélags vegna tapaðra vinnustunda af völdum örorku.

- Fjöldi öryrkja (50-75% örorka) – 692 manns.
- Fjöldi öryrkja (meiri en 75% örorka) – 11.199 manns.
 - Gert er ráð fyrir að 50% öryrki vinnu hálfu vinnu og 75% öryrki vinni 25% vinnu.
- Ef gert er ráð fyrir að örorkumat endurspegli tapað starfsþrek var heildarvinnutap vegna örorku 18,2 milljónir klukkustunda sem nemur 8.745 mannsárum miðað við 40 tíma vinnuviku í 52 vikur.
- Ef þessu vinnuframlagi yrði bætt ofan á þáverandi heildarvinnustundir myndi vinnuframlag aukast um 5,9%.
- Ef framlag til vinnuafis er um 70% af landsframleiðslu þá er metinn kostnaður af töpuðum vinnustundum vegna örorku um 3,9% af mögulegri landsframleiðslu árið 2003, **sem nam þá um 34 milljörðum króna.**
 - Gert er ráð fyrir að allir öryrkjar skili jöfnu framlagi til landsframleiðslu.

Beinn kostnaður

- Sá kostnaður sem hægt er að fullyrða um er greiðslur örorkubóta hins opinbera og lífeyrissjóða.
- Beinar greiðslur vegna örorku hjá TR námu alls 11,7 milljarðar króna í árslok 2003.
- Beinar greiðslur vegna örorku hjá lífeyrissjóðum námu alls 4,7 milljarðar króna.

Beinn og áætlaður óbeinn kostnaður m.v. ofangreint dæmi var því metin 50 milljarðar króna árið 2003.

Staðan í árslok 2016 miðað við sömu aðferð

Beitt er sömu aðferð og forsendum og Tryggvi Þór gerði árið 2005 fyrir stöðuna eins og hún var í árslok 2016, sem dæmi um kostnað íslensks samfélags vegna tapaðra vinnustunda af völdum örorku.

- Fjöldi öryrkja (50-75% örorka) – 750 manns.
- Fjöldi öryrkja (meiri en 75% örorka) – 17.495 manns.
 - Gert er ráð fyrir að 50% öryrki vinnu hálfu vinnu og 75% öryrki vinni 25% vinnu.
- Ef gert er ráð fyrir að örorkumat endurspegli tapað starfsþrek þá er heildarvinnutap vegna örorku 27,4 milljónir klukkustunda sem nemur 13.496 mannsárum miðað við 40 tíma vinnuviku í 52 vikur.
- Ef þessu vinnuframlagi yrði bætt ofan á þáverandi heildarvinnustundir myndi vinnuframlag aukast um 6,9%.
- Ef framlag til vinnuafis er um 70% af landsframleiðslu þá er metinn kostnaður af töpuðum vinnustundum vegna örorku um 4,8% af mögulegri landsframleiðslu árið 2016, **sem nemur um 118 milljörðum króna.**
 - Gert er ráð fyrir að allir öryrkjar skili jöfnu framlagi til landsframleiðslu.
 - Erfitt getur verið að meta slíkan kostnað og hvort um sé að ræða of eða vanmat.

Beinn kostnaður


- Sá kostnaður sem hægt er að fullyrða um er greiðslur örorkubóta hins opinbera og lífeyrissjóða.
- Beinar greiðslur vegna örorku hjá TR námu alls 45,1 milljarðar króna í árslok 2016.
- Beinar greiðslur vegna örorku hjá lífeyrissjóðum námu alls 16,4 milljarðar króna.

Beinn og áætlaður óbeinn kostnaður m.v. ofangreint dæmi er því metin um 180 milljarðar króna árið 2016.

Heimild: Fjölgun öryrkja á Íslandi – orsakir og afleiðingar og Hagstofa Íslands.

Samantburður við Norðurlönd og OECD

Opinber útgjöld vegna örorku og veikinda




Opinber útgjöld - samantburður við Norðurlönd og OECD

Unnið úr gögnum frá OECD um *Public expenditure on disability and sickness cash benefits*, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) hvers lands.

- Hlutfallið á Íslandi hefur hækkað stöðugt frá árinu 1990 á meðan meðaltalið hjá öðrum OECD löndum hefur farið lækkandi.
 - Á Norðurlöndunum er hlutfallið almennt lægra árið 2013 heldur en árið 1990.
- Ekki eru gefnar upp tölur fyrir 2014-2016.

Þróun á fjölda þeirra sem þiggja örorkubætur(vísitala, 2007 = 100)



Þróun á fjölda - samantburður við Norðurlönd og OECD

Unnið úr gögnum frá OECD um *Disability benefits-trends as annual number of recipients*, sem þróun frá árinu 2007-2014 þar sem 2007=100.

- Vísitala fyrir þróun fjölda á Íslandi hefur hækkað mun meira en meðaltalið er hjá öðrum OECD löndum.
 - Hjá Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð hefur verið stöðug fækkun á fjölda frá árinu 2007-2014.
- Ekki eru gefnar upp tölur fyrir 2015 og 2016.

Heimildir: OECD.stat

Hafa skal í huga að eðli kerfanna í hverju landi getur verið mismunandi sem kann að hafa áhrif á samantburð. Ekki er tekið tillit til breytinga á kerfum landanna sem getur leitt til fjölgunar eða fækkunar öryrkja.

Samánburður við Norðurlönd

Samsetning öryrkja eftir löndum - fjöldi						
Aldur	Danmörk	Færeyjar	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
18-19	854	11	1.636	230	1.294	2.825
20-29	9.655	85	13.033	1.959	13.046	35.870
30-39	19.263	102	18.696	3.001	24.072	24.427
40-49	47.164	231	29.899	3.700	57.548	53.256
50-59	85.257	422	76.211	5.636	106.044	120.351
60-64	54.608	376	74.571	3.268	79.202	94.507
Alls	216.801	1.227	214.046	17.794	281.206	331.236

Samsetning öryrkja eftir löndum - hlutfall						
Aldur	Danmörk	Færeyjar	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
18-19	0,4%	0,9%	0,8%	1,3%	0,5%	0,9%
20-29	4,5%	6,9%	6,1%	11,0%	4,6%	10,8%
30-39	8,9%	8,3%	8,7%	16,9%	8,6%	7,4%
40-49	21,8%	18,8%	14,0%	20,8%	20,5%	16,1%
50-59	39,3%	34,4%	35,6%	31,7%	37,7%	36,3%
60-64	25,2%	30,6%	34,8%	18,4%	28,2%	28,5%

Hlutfall öryrkja af mannfjölda og vinnualdri						
	Danmörk	Færeyjar	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Hlutfall af mannfjölda	3,8%	2,5%	3,9%	5,3%	5,4%	3,3%
Hlutfall af vinnualdri	5,9%	4,1%	6,2%	8,6%	8,2%	5,3%

Heimildir: Social Protection in the Nordic Countries 2015/2016 - Scope, Expenditure and Financing

Fred – Economic Data

Hafa skal í huga að eðli kerfanna í hverju landi getur verið mismunandi sem kann að hafa áhrif á samánburð.

Samsetning öryrkja eftir löndum - fjöldi

Unnið úr gögnum frá Nososco (Nordic Social Statistical) sem ber heitið *Social Protection in the Nordic Countries 2015/2016*.

- Gögn eru miðað við árslok 2015.
- Vinnualdur er skilgreindur frá 15-64 ára.
- Miðað er við 64 ára aldur vegna mismunandi eftirlaunaaldurs á Norðurlöndum.
- Fjöldi öryrkja hjá hverju land fer eftir fjöldi öryrkja sem þiggja greiðslur (hvort sem það eru grunn-/lágmarkslífeyris og/eða viðbótar eða tekjutengdur lífeyrir).

Samsetning öryrkja eftir löndum - hlutfall

Mun fleiri yngri bótaþegar þiggja lífeyri á Íslandi heldur en á öðrum Norðurlöndum.

- Hlutfall öryrkja sem eru yngri en 40 ára er hæst á Íslandi eða sem nemur alls 29%, þar næst kemur Svíþjóð með 19% en önnur lönd eru á milli 14-16%.

Eftir fimmtugt snýst dæmið við og hlutfallslega fleiri þiggja bætur á hinum Norðurlöndunum heldur en á Íslandi.

- Hlutfall 60-64 ára er lægst hjá Íslandi (18,4%) en hæst er hlutfallið í Finnlandi (34,8%).

Hlutfall öryrkja af mannfjölda og fjölda á vinnualdri

Mannfjöldi

- Hæsta hlutfall öryrkja af mannfjölda er í Noregi og Íslandi og nemur hlutfallið 5,3% og 5,4%, lægst er það í Færeyjum eða 2,5%.

Fjöldi á vinnualdri

- Hæsta hlutfall öryrkja af fjölda á vinnualdri er í Noregi og Íslandi og nemur hlutfallið 8,2% og 8,6%, lægst er það í Færeyjum eða 4,1%.



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.